

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 19 (12.12.2016) - Aðalskipulag Garðabæjar, endurskoðun.

Málsnúmer : 1302243
Málsaðili : Garðabær
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 12.12.2016

Inngangur :

Niðurstaða : Á fund nefndarinnar voru mættir aðalskipulagsráðgjafar: Árni Ólafsson, Eva Dís Þórðardóttir og Bergþóra Kristinsdóttir:
Lögð fram tillaga að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem hefur verið breytt til samræmis við niðurstöðu síðasta fundar nefndarinnar. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi bæjarstjóra Garðabæjar og Hafnarfjarðar ásamt svæðisskipulagsstjóra og fulltrúum Vegagerðarinnar. Niðurstaða þess fundar var sú að Hafniröðingar eru sáttnir við útfærslu tillögunnar á legu "Ofanbyggðavegar" frá Svínholti að Reykjanesbraut við norðurenda Setbergslands. Gerðar hafa verið breytingar á texta greinargerðar í 4.kafla til áréttingar þess að þegar niðurstaða skoðunar sem nú fer fram á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins liggur fyrir verði breytingar sem sú niðurstaða kallar hugsanlega á innleidd í aðalskipulag Garðabæjar. Bæta skal við texta um hugsanlega útfærslu hluta "Ofanbyggðavegar" í Setbergsholti í göngum.
Árni Ólafsson gerði grein fyrir skekkju sem varð vegna mistaka í útreikningi á íbúðafjölda á Álfanesi. Miðað við óbreyttar áherslur tillögunnar hefði það þýtt ríflega 1300 íbúðir í stað tæplega 1100 íbúða. Nefndin sammála um að tillaga geri áfram ráð fyrir 1100 íbúðum. Afmörkun landnotkunarreits þjóðhöfðingjasetur breytist við Bessastaðagrandi þar sem um mislestur á deiliskipulagsuppdraetti var að ræða og nær reiturinn því ekki inn í land Selskarðs. Í skipulagsákvæðum fyrir Sjáland skal gera ráð fyrir 6 hæða hámarki. Taka skal fram í kafla 4.3. að borgarlína skerði ekki þá flutningsgetu bílaumferðar sem fyrir er á Hafnarfjarðarvegi.
Skipulagsnefnd leggur til við bæjarstjórn að tillögu að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 með þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar forkynningar verði vísað í auglýsingu í samræmi við 31.gr. skipulagslaga að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar sbr. 3.mgr.30.gr.sömu laga.